

## Breytingartillögur að tillögum A-nefndar, 15. Ráðsfundur

14. grein: **Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundarhalda og mótmæla, svo fremi fundarmenn brjóti ekki almenn lög.** Þá fellur út „*Með lögum má þó ..... lýðræðislegu þjóðfélagi*“.

Greinargerð: Óþarfi er að gefa löggjafavaldinu víðar heimildir til þess að takmarka fundafrelsi; ég kem ekki auga á hættuna við fundafrelsinu ef menn fara eftir almennum lögum (og þarf þá ekki að setja sér lög um það).

29. grein: **„Til auðlinda í þjóðareign teljast ..... íslenskrar lögsögu, virkjunar- og námaréttindi. Einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi undir 10m frá yfirborði jarðar.**

Greinargerð: Mörg þau lönd sem lengst eru komin í rafmagnsframleiðslu með jarðhita hafa lög þessu lík, þ.e. að jarðhitinn sem beislaður er á þennan hátt er sameign allra íbúa landsins. Jarðfræðingar á Íslandi hafa margir hverjir auglýst eftir slíkum ákvæðum. Það má ræða dýptina, hvort hafa eigi frekar 20 metra í stað 10m. Stundum er miðað við sömu dýpt og grunnvatnsborð. Skyndilega kom upp sú staða á Íslandi að hægt var að deila um eign á hafsvæðum langt útfyrir landssteinana; eins gott að girða fyrir deilur í framtíðinni um iður jarðar undir Íslandi.

Andrés Magnússon